

Þróunarsjóður innflytjendamála 2015-16

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: „Nýtt fólk – Nýjar hugmyndir“, frumkvöðlafræðsla fyrir innflytjendur

Nafn styrkþega: InterCultural Iceland ehf.

Útdráttur:

Í frumkvöðlasmiðjunni sem þróuð var, sérstaklega með innflytjendur í huga, fer fram skapandi starf þar sem unnið er með hugmyndir sem gætu síðar meir orðið að viðskiptatækifæri, hvort sem er með hagnaðarsjónarmið eða félagsleg markmið að leiðarljósi. Áhersla er lögð á að finna og vinna með styrkleika hvers og eins.

Frumkvöðlasmiðjan var ætluð innflytjendum, sem hafa hug á að stofna til eigin atvinnustarfsemi á Íslandi. En hvers vegna innflytjendur? Staðreyndin er sú, að innflytjendur og flóttafólk kemur með fjölbreytta og oft mikla reynslu, þekkingu og nýjar hugmyndir frá heimalandinu sem kunna að vera frábrugðnar þeim hugmyndum sem finna má hér á landi. Eitt af meginmarkmiðum smiðjunnar var að þróa leiðir til að nýta hæfni og reynslu innflytjenda og gefa þeim tækifæri til að nota hugmyndir sínar við að skapa sér eigin atvinnutækifæri eða hrinda í framkvæmd hugmynd sem þegar væri til staðar.

Ekki var ljóst fyrirfram hvernig viðtökur verkefnið fengi, en eftirspurnin reyndist meiri en gert var ráð fyrir. Í smiðjunni unnu innflytjendur í hópum að því að finna og þróa viðskiptahugmyndir, setja raunhæf markmið, greina markaðinn og gera markaðslegar áætlanir og vinna einfalda fjárhagsáætlun. Markmið smiðjunnar var m.a. að uppgötva nýja þekkingu og hæfni og veita innflytjendum tækifæri til að fjalla um hugmyndir sínar og kanna möguleika þeirra í íslensku samfélagi

Helstu atriði sem fjallað var um eru:

- Skoða og þróa (viðskipta) hugmyndir, markmiðasetning, markaðsgreining og markaðsáætlun, fjárhagsleg atriði, kynningar- og sölutækni.
- Innsýn og skilningur á starfi og lífi frumkvöðulsins.
- Innsýn í íslenskt viðskiptaumhverfi og helstu atriði sem þarf að hafa í huga við að stofna og reka fyrirtæki eða „non profit“ fyrirtæki á Íslandi.

Notast var við ensku við kennsluna þar sem íslenskukunnátta nægði í flestum tilvikum ekki svo að gagn væri að.

Eins og fram kemur í lokaskýrslu verkefnisins var smiðjan mjög vel heppnuð og fer ekki á milli mála að það er mikið verk að vinna í framtíðinni. Markmiðið hlýtur að vera að koma auga á og finna leiðir til að menntun og reynsla innflytjenda nýtist sem best, sjálfum þeim og samfélaginu öllu til heilla.

Project Title: „New people – New ideas“, entrepreneurship workshop for immigrants.

Name of Grantee: InterCultural Iceland ehf.

Abstract:

In the entrepreneurship workshop like this one, the emphasis is usually finding and strengthening the creative power of each participant. We work with ideas that could later develop to an interesting business opportunity, whether by profit or social objectives in mind. The focus is on finding and working with the strengths of each individual.

This workshop is for migrants who wish to consider starting their own business or organization in Iceland. Why for migrants? Migrants bring with them considerable knowledge, experience and new ideas from their home countries which may differ from the ones of Icelanders. The workshop had the aim to stimulate those extraordinary competences and give migrants the opportunity to use their ideas to start something new.

In the workshop the migrants worked in groups to identify and develop business ideas. They defined realistic goals, analyzed the market and set marketing strategies and also developed simple financial plans.

The main topics covered were:

- Researching and developing ideas, goal setting and planning, product development, market research and marketing plans, finance, promotion and sales techniques.
- Understanding of the life and work of entrepreneurs in Iceland.
- Insights into the world of business in Iceland and the basic methods of how to start and operate a business or non-profit project.

The language of instruction was English.

As stated in the final report of the project it was very successful and there is no doubt that there is much work to do in the future so that migrants can use their strengths to build new companies or social organizations. The aim must be to identify and find ways on how education and experience of immigrants can best be utilized in their own interest and in interest of the Icelandic society.